



Hjálparsveitin **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 6. árg. Desember 2006



FLUGELDAMARKAÐUR
DALBJARGAR HRAFNAGILSSKÓLA



RARIK

Óseyri 9 • Sími 528 9000



*Sendum viðskiptavinum okkar
óskir um heillaríkt nýtt ár
með þökkum fyrir viðskiptin á árinu
sem er að líða.*



Leiðarinn

Ágæti lesandi.

Enn og aftur er ár að líða, og komið að aðal vertíð björgunarsveita í fjároflunum sínum. Það er víst að svona starfsemi þarfnað mikilla fjármuna fyrir rekstur sinn. Ekki er ég viss um að fólk geri sér grein fyrir þeiri miklu og öflugu starfsemi sem björgunarsveitir eru að sinna á þessu litla landi okkar. Þessi starfsemi er nánast einsdæmi á heimsvísu, að félagsskapur sem þessi leggi vinnu sína framm í sjálfbodðastarfi til að hjálpa landanum þegar á þarf að halda. Hvet ég fólk til að skoða netsíður um björgunarmál til að fá betri innsýn á þetta ómetanlega starf.

Við í Dalbjörgu erum ekki undantekning á því. Síðastiðin ár hefur Dalbjörg stækkað mikið, bætt við tækja kosti og reint að koma upp öflugum björgunarhóp sem getur sinnt breiðum hópi hjálparbeïðna. Sveitin hefur að undanförnu verið að leggja áherslu á ákveðna hluti við að sérhæfa sig. Í dag er meginþunginn í skyndihjálp. Höfum við verið að senda félagsmenn okkar síðasliðin 2 ár á námskeið sem heitir *Wildernes first responder* en það er 8 daga námskeið sem sérhæfir menn í skyndihjálp.

Einnig höfum við mannskap sem starfar við sjúkratflutninga, en okkar stefna er að eignast yfirburðafólk í þessum efnum. Félagar Dalbjargar eru að verða nokkuð þekktir fyrir ferðalög á hálandi Íslands, jafnframt á bílum sem sleðum. En þannig kunnátta er mikils virði ef slys ber að á fjöllum. Má þar benda á slysið sem varð á Hofsjökli síðasliðinn vetur, en Dalbjargarmenn voru með þeim fyrstu á þann slystað. Eina leiðin upp úr Eyjafirði, um Kerhólsöxl, er með þeim erfiðari sem fyrir finnast. Má það þakka að

miklu leiti kunnugum ökumönnum sem vissu fyrir víst hvað þeir voru að gera við erfiðar aðstæður að menn komust þetta fljótt upp á jökul. Í undirbúningi er einnig að koma upp hópum sem sérþjálfa sig í fjallabjörgun, sigi og fleiru.

Metnaður okkar er mikill til að gera og geta gert flesta hluti í björgunarstörfunum.

Námskeið og búnaður er ansi mikill í þeim efnum og stígum við skrefin hægt og örugglega til að ná endum saman. En það er einnig í þínum höndum að aðstoða okkur við að geta gert hlutina, með því að kaupa flugelda og annað til styrktar starfinu.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa staðið við bakið á okkur undanfarin ár.

Með von um að sjá sem flesta í flugeldasölu okkar í Hrafnagilsskóla.

Gleðilegt ár.

*Elmar Sigurgeirsson,
formaður Dalbjargar*



Elmar Sigurgeirsson, formaður Dalbjargar

KT
JEPPA & ÚTIVISTARVERSLUN
ópið virka daga kl. 12:00-18:00

Bestu dekkin i USA 8 ar i röð
TOYOTIRES

öflugar loftdælur
stormkveikjarar
LED höfuðljós
LED vasaljós
Lægra láadrif fyrir flesta jeppa
K&N loftsiur sem endast

hleðslutæki fyrir allar tegundir rafhlada
dekkjaviðgerðasett

www.kliptrom.is

Kliptrom ehf - Njarðarnesi 2 - 603 Akureyri - sími 466-2111

Útkall á Hofsjöklí



25. febrúar kl. 15:14 barst tilkynning til 112 um að jeppi hefði fallið í sprungu á Hofsjöklí og í honum 2 menn. Þjórgunarsveitir frá Norðurlandi, Suðurlandi og af höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út, ásamt þyrlum varnarliðsins og þyrlu frá Danska varnarliðinu.

Tveir bílar voru þegar gerðir klárir hjá okkur með klifur- og sjúkrabúnaði ásamt 3 mönnum á hvorum bíl, var þetta sterkt lið sem fór eða tveir Slökkviliðs- og neyðarflutningamenn, einn sérhæfður skyndihjálparmaður, einn fjallabjörgunarmaður og tveir bílstjórar. Var ákveðið að við færum strax upp Kerhólsöxlina og reyndum að þræða slóðir mannanna upp að slysstaðnum en þeir höfðu farið þar upp fyrr um daginn og ekki var vitað um staðsetningu



Rolf að láta klippur síga niður í sprunguna.

þeirra. Súlur sendu two bíla á eftir okkur með klippibúnað og 4 slökkviliðsmenn til viðbótar.

Um hálf sex komu fréttir um að staðurinn væri fundinn. Fórum við þá að Hofsjöklí og upp Klakksjökul og eina 13 km inn að slysstaðnum en þessi leið var mjög varasöm og því seinfarin. Um áttaleytið komum við á staðinn rétt að eftir Flugbjörgunarsveitinni í Varmahlíð.

Fóru strax þrír okkar að sinna ferðafélögum þeirra sem lento í sprungunni, þeim var eðlilega illa brugðið og leið illa eftir að hafa þurft að bíða eftir aðstoð í langan tíma.

Hinir 3 fóru að slysstaðnum sjálfum. Gríðarlega hættulegt var að athafna sig á slysstað enda hann mikil sprungið. Því voru allir sem um hann fóru tryggðir í línu. Til þess að klippa menninna út þurrfti að láta mann með klippur síga um 20-30 metra niður í sprunguna. Voru þá fyrir þrír menn menn ofan í sprungunni að hlúa að mönnunum.

Um miðnættið var búið að ná báðum mönnunum upp en var þá annar þeirra látinna. Fóru þeir með þyrlu Varnarlíðsins til Reykjavíkur.

Aðstoðuðum við síðan ferðafélagana við að koma bílum sínum niður af jöklinum og studdum þá andlega eftir þessa erfiðu lífreynslu. Súlur voru okkur samferða niður Kerhólinn og var ferðalögunum fylgt heim til sín um morguninn.

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI
Sími 897 6036

Útköll

8. janúar

Útkall barst um sinueld við Samkomugerði kl. 5:31. Nokkrir menn sveitarinnar mættu á staðinn og unnu ásamt slökviliði Akureyrar við að slökkva eldinn. Þetta var gríðarlegur eldur en hætta var talinn á að eldurinn bærist út í bæinn Torfur.

upp. Björgunarsveitirnar voru lagðar af stað upp Kerhólsöxl þegar mennirnir höfðu samband aftur og afþökkuðu aðstoðina. Annað jeppagengi hafði keyrt fram á mennina og gátu haft hann upp úr krapanum.

10. apríl

Hjálparsveitinni barst ósk um aðstoð við two skíðagöngumenn sem voru að koma af hálandinu niður í Eyjafjarðardal. Skíðagöngumennirnir, sem voru tvær franskur konur, höfðu verið á ferð suður hálandið síðustu átta daga en snenu við í Nýjadal þegar þeim leist ekki á áframhaldið suður í Jökulheima. Farið var á Dalbjörg 1, þær sóttar og ekið til Akureyrar.



Hjóreiðarmanni hjálpað yfir á.

10. apríl

Hjálparsveitinni barst útkall seinnipart dags vegna snjóflóðs á Fáskrúðsfirði. Þar hafði snjóflóð fallið á two sleðamenn en annar þeirra komst úr flóðinu. Hinn maðurinn grófst í flóðið og var fjöldi björgunarsveitarmanna þegar að leita hans. Tuttugu manna hópur frá Dalbjörg var að græja sig af stað á bílum sveitarinnar og með báða sleðana þegar aðstoðin var afturkóllu. Maðurinn hafði fundist skömmu síðar og var úrskurðaður látiðinn á fjórðungs-sjúkrahúsínu á Neskaupsstað.

14. apríl

Upp úr hádegi voru Súlur og Dalbjörg ræstar út til að aðstoða jeppamenn við Laugarfell. Jeppamennirnir höfðu sett bíl á kaf í krapa og þurfti öflug tæki til að ná honum



Hlynur og Guðjón á leið heim úr útkalli.

15. apríl

Um 06:00 fékk Dalbjörg útkall ásamt öðrum sveitum á Eyjafjarðarsvæðinu um leit að tveimur sleðamönnum sem hafði verið saknað síðan kvöldið áður. Þeir höfðu lagt af stað um miðjan dag upp á Langjökul en ekki komið heim á áætluðum tíma. Það voru björgunarsveitir úr Húnvatnssýslum, Skagafirði, Borgarfirði, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Eyjafirði, Snæfellsnesi og höfuðborgarsvæðinu sem voru kallaðar til leitar. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út um miðnætti og var við leit um nóttina. Alls voru um 200 björgunarsveitarmenn að störfum og notuðust þeir við 10 snjóbíla og um 60 vélsleða en færi fyrir björgunarsveitarbíla var erfitt

Öll tæki sveitarinnar voru gerð klár og fenginn lánað-ur öflugur dráttarbíll hjá Rósu á Halldórsstöðum til að draga snjóbílinn. Þegar var verið að leggja af stað fundust sleðarnir mannlusir norðan við Eiríksjökul. Var þá ekki þörf fyrir snjóbílinn þannig að farið var með jeppa og sleða sveitarinnar vestur ásamt níu manna áhöfn. Á Blönduði fengum við það verkefni að fara upp frá Laugarbakka inn á Arnarvatnsheiði. Kl. 10 var ræst út F3 Grænn á gönguhópa frá Dalbjörg. Þegar verið var að manna hópana fann þyrla frá Varnarliðinu mennina heila og höldnu. Þeir voru þó kaldir og þreyttir og voru fluttir með þyrlunni í björgunarsveitarbíla sem fluttu þá til byggða.

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár

 **VÉLFANG**
www.velfang.is

Esso

aðföng

Tryggvabraut 18
Akureyri - Sími 461 3444



Rúta föst í Hagakvísl.

15. apríl

Seinni part dags var óskað eftir aðstoð Dalbjargar vegna sleðamanns sem varð bensínlaus milli Landakots og Kerhólsaxlar. Um kvöldmatarleytið fóru sleðamenn Dalbjargar með bensín og sleðamanninn upp Kerhólsöxl að sleðanum. Var manninum síðan fylgt niður öxlina til byggða. Gekk ferðin vel þrátt fyrir leiðinleg skilyrði og voru menn komnir í hús upp úr miðnætti.

12. júní

Þennan dag óskaði Björgunarsveitin Ægir á Grenivík eftir liðsinni okkar við að fara út í Fjörður. Þurftu þeir að fara þangað með aðilum sem voru að taka út gróðurinn á svæðinu. Farið var á Dalbjörg 1 til að aðstoða þá við að



Ingí, Kristján, Ragnar og Eiður við Laugafell, ásamt þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-Sif.

flytja fólkid og til að gæta öryggis. Gekk ferðin vel og vorum við komin aftur niður á Grenivík fyrir kvöldmat.

24. júní

Seint á fimmtudagskvöldi fóru Dalbjargarmenn til aðstoðar við mann sem hafði slasast á sex-hjóli. Maðurinn hafði misst stjórn á hjólinu, velt því yfir sig og slasast við það. Slysíð attí sér stað skammt innan við Hólavatn. Dalbjargarmenn hlúðu að manninum, settu hann á börur og fluttu hann síðan á FSA til skoðunar. Hann hafði brotnað á upphandlegg og lemstrast en var annars ekki talinn alvarlega slasaður.

24. júní

Þann dag barst sveitinni ósk um aðstoð við mann sem hafði fest bílinn sinn út á Flateyjardal. Björgunarsveitin Ægir á Grenivík var upptekin í öðru verkefni út í Fjörðum og óskaði eftir okkur. Dalbjörg 2 annar bíll sveitarinnar fór út eftir til að spila bílinn upp.

27. Júlí

Súlur og Dalbjörg fóru á tveimur bílum til að bjarga ferðalögum sem fest höfðu bíl sinn í Fjórðungskvísl.

Önnur útköll

Fjöldi annarra verkefna var hjá björgunarsveitinni svo sem að aðstoða ökumenn sem höfðu keyrt útaf í sveitinni, leit af búfénaði sem var að fenna ásamt fleiru smálegu.



Súlur og Dalbjörg draga bíl upp úr Nýjadalsá.



STRAUMRÁS

Furuvöllum 3 · 600 Akureyri

Sími.: 461 2288 · Netfang: straumras@nett.is



Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár

VÉLATORG ehf

Dalsbraut 1 - Sími 461 4007

Útkall 20. desember

Allur tiltækur mannskapur björgunarsveitarinnar Dalbjargar var við störf 20. desember vegna vatnavaxta og skriðufalla í Eyjafjarðarsveit. Alls voru yfir 30 björgunar-sveitarmenn við störf við mörg verkefni.

20. desember.

Kl. 6:30 var tilkynnt til lögreglu að aurskriða hefði komið úr fjallinu ofan við bæinn Grænuhlíð í Eyjafjarðarsveit. Skriðan var lítil og lenti ekki á húsum. Rétt um 20 mínútum seinna fóll önnur aurskriða á sama stað og lenti á íbúðarhúsinu og úthúsum. Engin meiðsli urðu á fólk. Þessi skriða var mjög stór og flæddi talsvert niður fyrir veg á allt að 70 metra kafla. Ábúendur, þau Óskar og María, ásamt Tryggva syni sínum, komust á dráttarvél yfir skriðuna og í öruggt skjól á Æsusstöðum. Íbúar á bæjum sunnan við Grænuhlíð voru aðvaraðir við frekari skriðuföllum.

Lögreglan lokaði þjóðveginum til suðurs við Saurbæ í Eyjafjarðarsveit. Í birtingu fór lögreglan með jarðfræðingi á vettvang skriðufallanna. En skriðusérfræðingur taldi þó ekki miklar líkur á frekari skriðuföllum.

Hjálparsveitin Dalbjörg var ræst út kl. 11 til að bjarga því sem hægt var að bjarga af eignum ábúenda. Auk björgunarsveitarinnar voru verktakar, bændur og

fjölskyldan við vinnu. Fljótlega var ákveðið að hafa sem minnstan mannskap inn á skriðusvæðinu þar sem stjórnendum aðgerða á staðnum þótti hætta á frekari skriðuföllum. Allir þeir sem unnu á hættusvæðinu voru látnir vera með snjóflóðaýla og skráðir inn og út af svæðinu.



Byrjað að moka frá íbúðarhúsinu.

Ljósm. Brynjær Schiöth.



Gríðarlegt magn af aur og leðju kom úr fjallinu.

Ljósm. Brynjær Schiöth.





Smári og haugsugan sem var notuð innandyra.

Ljósm. Brynjar Schiöth.



Björgunarlíðið að fara yfir stöðuna.

Ljósm. Brynjar Schiöth.

Sett var upp bækistöð á öruggum stað þar sem björgunarlíðið hélt til. Áhersla var lögð á að ná persónulegum eignum fólksins úr húsinu og að moka húsið upp. Aur lá upp á hálfu veggi ofan við hús. Unnið var fram í myrkur og þá allir menn kallaðir af svæðinu. Alls unnu um 45 manns, þar af tæplega 30 björgunarsveitarmenn frá Dalbjörgu í allan dag við að hreinsa til í og við íbúðarhúsið. Aurskriðan hafði eyðlagt gripahús og þar drerist um 20 kálfar. Íbúðarhúsið og munir eru stórskemmd. Fjósið og hlaða ásamt stórrí vélageymslu skemmdust ekki.

Hjálparsveitin létt ábúendur hafa snjóflóðaýla og mann, til að hjálpa til við fjósverkin. Um 6 leitið féll síðan önnur skriða á sama stað en mannvirkir sluppu að mestu við hana. Ábúendur voru síðan ekki á jörðinni nema brýn þörf væri á en fengu þau inni á öðrum bæ í sveitinni.



Húsið var illa farið að innan.

Ljósm. Brynjar Schiöth.


Óskum

*viðskiptavinum okkar
farsælkomandi árs
með þakklæti
fyrir árið sem
er að líða*



Óðinsnes 2 • Sími 460 4800





Verið að bjarga jólagjöfum og persónulegum eigum.

Ljósm. Brynjar Schiöth.

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar óskaði eftir því að vakt yrði hjá hjálparsveitinni um nóttina. Svæðið var síðan vaktað yfir nóttina.

20. desember.

Kl. 10:53 brast jarðvegsstífla við uppistöðulón ofan við rafstöð í Djúpadal. Vatn flæddi úr lóninu, yfir virkjunina og áleiðis niður að Eyjafjarðará. Flóðið rauf veginn beggja megin við brú á Eyjafjarðarbraut yfir Djúpadalsá.

Hjálparsveitin, slökkvilið og lögregla fengu tilkynningu um að bill hefði lent fram af brúnni og niður í beljandi árra. Þegar hjálparsveitarmenn og lögregla mættu á staðinn höfðu maðurinn og hundur hans á óskiljanlegan hátt náð að komast upp úr ánni. Var hann lítilega skrámaður en mjög kaldur og þrekaður. Var hann fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahúsið á Akureyri. Billinn sem var stór Ford pallbill og 6 tonna grafa sem var á kerru aftan í honum hafði án tekið með sér og sást ekkert í tækin fyrr en sjattnaði í ánni.



Brúin yfir Djúpadalsá.

Ljósm. Brynjar Schiöth.

SJÓVÁ

Strandgötu 3 · Akureyri
Sími 440 2370



ÁSPRENT





Ford f-250 sem lenti í ánni er handónýtur.
Ljósm. Brynjar Schiöth.



Verið að undirbúa að spila bílinn lausan.
Ljósm. Brynjar Schiöth.



Ófært um veginn ofan við Melgerðismela.
Ljósm. Brynjar Schiöth.

20. desember

Björgunarsveitin fer og aðstoðar ökumenn sem voru innilokaðir sunnan við Djúpadalsá. Áinn hafði brotið sér leið yfir hálsinn 2 km sunnan við brúnna og lokað ökumenn inni þar á milli. Þegar sjattnaði í ánni var hægt að hjálpa ökumönnunum í burtu.

20. desember

Björgunarsveitin er kölluð til að aðstoða menn við Melbrekku. Þar hafði án brotist niður hálsinn sitt hvoru megin við bæinn. Menn sem voru staddir þar lentu í flóðinu og reyndu að koma sér í burtu akandi en án hreinsaði undan jeppanum og sat hann fastur. Mennina sakaði ekki var bíllinn spilaður upp.

20. desember

Dalbjörg var kölluð út til að reyna að komast að bænum Völlum á Djúpadal. Vellir eru í dalnum sunnanverðum og hafði án hreinsað burt frá brúnni heim að bænum. Áin hafði líka eyðilagt vatnsagnir og var því heimilisfólk vatnslaust og innliggsa á bænum. Komust björgunarsveitarjeppar yfir hálsinn til þeirra og var farið með vatn til þeirra um kvöldið.

20. desember

Björgunarsveitin var beðin um að vitja ábúenda á Þormóðsstöðum í Sölvadal. Farið var inn að Þormóðsstöðum en ekkert amaði að hjá ábúenda. Þormóðstaðir eru á þekktu skriðusvæði.



Aðgerðastöðin, biðsvæði björgunarliðs og mataraðstaða.
Ljósm. Brynjar Schiöth.

Pökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

NORDLENSKIR AÐALVERKTAKAR ehf.

Hrafnagili • Símar 893 1246 (Ben.) og 824 3495 (Jón)



Leit við Grímsstaði á Fjöllum

Sunnudaginn 14.maí var Hjálparsveitin Dalbjörg ásamt björgunarsveitum af norðurlandi kallaðar út í leit að týndum manni við Grímsstaði á Fjöllum. Maðurinn hafði týnst þar nóttina áður og voru björgunarsveitir af Austurlandi búnar að leita allan sunnudaginn og var nú ljóst að bæta þyrti við mannskap inn á svæðið.

Á þessum tímapunktum gerði enginn sér grein fyrir því umfangi sem átti eftir að verða á þessari leit. Undir kvöldmat hélt 17 manna hópur frá Dalbjörg austur, þar af 4 menn með krossara. Það fór líka svo að hlutverk undirritaðs var að vinna með svæðisstjórn og lögreglunni á Húsavík við stjórnun og skipulagningu aðgerða.

Er austur var komið tók við smá bið en svo fengu allir úthlutað leitarsvæðum nema hjólamennirnir, sem heimamenn vildu ekki hleypa um svæðið enda var jarðvegurinn mjúkur því frost var að fara úr jörðu. Héldu þá hóparnir út í nóttna til leitar. Upp úr miðnætti byrjaði að snjóa og hélst ofankoman alla nóttna.

Það var nóg að gera, enda leitarsvæðið gríðarlega víðfemt og illt yfirferðar á sumum stöðum. Alltaf bættust fleiri sveitir í leitina og þegar allt er talið þá hafa sennilega á fjórða hundrað manns komið að henni.

Um hádegi á mánudag drógu við okkur í hlé og héldum heim til að hvílast enda fólk búið að vera á ferðinni alla nóttna. Sú hvíld var ekki löng því við vorum komin austur aftur seint sama kvöld með svipaðan mannfjölda. Aftur var haldið til leitar á nýjum svæðum, og sum svæðin voru leituð alveg upp á nýtt úr öðrum áttum til að fá annað sjónarhorn á landið.

Nú voru komnar björgunarsveitir allt frá Húnvatns-sýslum og Austfjörðum auk manna frá Reykjavíkursvæðinu. Var nú leitað fram til hádegis á þriðjudagi en ekkert spurðist til mannsins.

Eftir þessa nótt var svo dregið úr leitinni, en heima-menn héldu áfram leit og leitarsvæðið var stækkað enn meira. Á þessum tímapunktum var okkar þátttöku lokið. Um það bil viku síðar fannst maðurinn láttinn eina 30 km frá Grímsstöðum.

Ingvar Ingólfsson

Vilt þú minnka eldsneytiskostnað og auka hagnað?

Hiclone er svarið

Kostir Hiclone

- ✓ Sparar eldsneyti
- ✓ Minnkar útblástursmengun
- ✓ Eykur snúningsátak
- ✓ Nýting vélar eykst
- ✓ Auðveld ísetning (um 10-20 mínútur)
- ✓ Engin sérverkfæri við ísetningu
- ✓ Engar breytingar á vélbúnaði
- ✓ Eilífðarábyrgð
- ✓ Skilafrestur 30 dagar (full endurgreiðsla)



Pantanir hjá
Íðnval ehf
Elias Þorsteinsson
Sími: 461 4422
GSM: 894 4722
Fax: 461 4222
E-mail: elias@idnval.is



TÆKJASPORT
& DEKK

Þökkum frábærar móttökur

Óskum Eyfirðingum og landsmönnum öllum gleðiegs nýs árs og þökkum góðar móttökur að árinu sem er að líða. Hlökkum til að sjá ykkur á nýju ári.



ski-doo



thor

Njarðarnesi 1 | sími 460 4350



FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Opnunartími:

28. des. Kl. 10-22 / 29. des. Kl. 10-22
30. des. Kl. 10-22 / 31. des. Kl. 9-16

6. jan. þrettándinn Kl. 12-16

Flugeldasími: **844 1380**

Það er alltaf heitt á könnunni
og næg bílastæði!



Dalbjörg
Eyjafjarðarsveit



Komdu í **Hrafnagilsskóla**
og verslaðu flugeldana
hjá flugeldamarkaði
björgunarsveitanna



Rafting

Við í Dalbjörgu gerum margt til að þjappa saman hópinn og fórum við þann 27. Ágúst 16 manns frá sveitinni í rafting í Austari jökulsá. Lagt var af stað frá Shell-nesti um morguninn og var haldið vestur í Skagafjörð. Þar var farið hús Ævintýrarferða og vorum við klædd upp í viðeigandi búnað. Þessi ferð tók um 6 tíma og reyndi þetta á alla þá

krafta og einbeitningu sem við höfðum. Þegar við komum svo loksns aftur var mannskapurinn orðinn mjög svangur og var farið og bordað í Varmahlíð eins og reglur segja til um þegar ekið er um Skagafjörð.

Viljum við Dalbjargarmenn þakka Ævintýrarferðum fyrir frábæran dag.



Dalbjörg á ferð niður Jökulsá í Skagafirði.



Allir klárir í bátana!



Landsvirkjun
www.lv.is



RAFMENN
ORKA AÐ NORÐAN

Fjölnisgötu 2b - Sími 460 6000
rafmenn@rafmenn.is - www.rafmenn.is



Verkefni - æfingaferðir o.f.

Kaup á sjúkrabúnaði - töskur o.fl.

Á þessu ári var ákveðið að leggja meiri áherslu á að einstaklingar ættu nauðsynlegan búnað sjálfir. Hagurinn í því er auðvitað sa að þá vita allir meira um sinn búnað, geta sérhæft sig meira og fara ef til vill líka betur með búnaðinn. Farið var í að panta hjálma, töskur undir skyndihálparbúnað, snjóflóðaýla og fleira í þeim dúr. Vel var tekið í þetta og nokkuð hefur bæst við einkabúnað meðlima sveitarinnar sem telst auðvitað vera mjög gott.

Reykskynjara- og slökkvitækjajayfirferð

Árlega reykskynjarayfirferðin okkar var farin helgina 17.-19. nóvember. Eins og venjulega seldum við rafhlöður í reykskynjara og einnig var hægt að panta sjúkrabúnað hjá okkur. Í þetta skiptið buðum við einnig upp á að taka við slökkvitækjum á bæjum sveitarinnar, fara með þau í Eldvarnarmiðstöðina í yfirhalningu og skiliðum við þeim aftur að því loknu. Þetta gekk mjög vel fyrir sig og vel var tekið á móti okkur.

Fjáraflanir

Í sumar var unnið við að rífa þak af gömlu fjósi fyrir bóna í sveitinni.

Björgunarsveitin sá um gæslu á Handverkshátið ásamt fl. Einnig sinntum við öðrum verkefnum, svo sem útstungu á Hóli gæslu á kabarett og girðingarvinnu. Eins og venjulega tókum við að okkur umferðargæslu á Glerártorgi fyrir jólín og í janúar vorum við með gæslu á þorrablótí að Hrafnagili. Við fórum líka með rúllubagga fyrir hestamenn upp í Laugarfell.

Landsfjárlunaraverkefnið neyðarkallinn var í nómum-



Elmar formaður smíðar í Patrolinn.

ber og tókum við þátt í því. Svo verður auðvitað okkar árlega flugeldasala í Hrafnagilsskóla sem byrjar 28. desember.

Sleðaflokkur

Á árinu voru farnar nokkrar æfingaferðir hjá sleðafloknum. Sleðarnir hafa reynst okkur vel en nú er búið að selja þá og verða þeir afhentnir í Janúar. Nýjir sleðar verða þá kommir í hús og eru þeir af gerðinni Ski-doo Ranegade.

Fundir

Almennir fundir á árinu voru 9. í febrúar kom Ingólfur Haraldsson frá SL og hélt með okkur erindrekstrarfund og var vel mætt á hann. Haldinn var sérstakur fundur um tækjamótið þann 9. mars og aðalfundurinn var haldinn þann 9. apríl. Þar var kynnt ársskýrsla síðasta árs og nýjir félagar teknir inn. Yfir sumarmánuðina fór mesta starfið í hvíld og byrjaði aftur um haustið af krafti. Formannafundur var haldinn í Borgarfirði og fóru Formaður og varaformaður á hann. Þann 25. nóvember var haldinn fulltrúaráðsfundur í Reykjavík og þangað fóru tveir af okkar mönnum.

Fjárlaganefd SL kom og fundaði með stjórn sveitarinnar.

Fundir hjá okkur eru haldnir fyrsta sunnudag hvers mánaðar og hvetjum við þá sem hafa áhuga á starfinu að mæta á fund og kynna sér málin.

Vinnukvöld voru þó nokkur og unnu félagar mikil þar fyrir utan við smíði á nýjum bíl sveitarinnar og breytingar á þeim eldri.

Veisluhjónusta Greifans

Vid öll tækifæri

GREIFINN
VEITINGAHÚS
www.greifinn.is • 460 1600
Leitið upplýsinga

HJALPARSVEITIN DALBJORG
EYJAFIRDI

Bangsar - unglingsadeild Dalbjargar

Eins og kunnugt er var stofnuð unglingadeild innan Dalbjargar síðastliðið ár. Henni var gefið nafnið **Bangsarnir**. Hélt unglingadeildaþarfið uppteknum hætti þetta árið.

Í unglingsadeildinni er möguleiki fyrir krakka í 9.-10. bekk að byrja að kynnast starfi björgunarsveitarinnar, og undirbúa bau fyrir nýliðastarfjöld í sveitinni.

I dag eru um 15 virkir meðlimir í deildinni og er hún með æfingar, fundi eða námskeið mánaðarlega. Meðal þess sem deildin hefur gert á árinu er ferð í Borg í Djúpadal, þar sem deildin hefur fengið afnot af skála. Keyrt var þangað á jeppum sveitarinnar og kynnast krakkarnir þá fararkostum sveitarinnar og búnaði þeirra. Þegar komið var á staðinn var kveikt í kolum og grillað, eftir borðhald var qripið í spil og sunqið fram á nótt.

Pá mættu bangsarnir á fjölskyldudag Dalbjargar sem haldinn var á Lágheiði í apríl síðastliðnum. Í ágúst var



Unglingadeildin á Djúpadal.



Unglingadeildin í fjallgöngu.

haldin sumargleði bangsanna í Leyningshólum þar sem unglingsadeild Dalvíkur mætti einnig. Þar var grillad, kveikur varðeldur, farið í leiki og qist var í tjöldum.

Nú í byrjun desember var haldin kvöldvaka fram í Bangsabúð þar sem krakkarnir gisti. Pantaðar voru pizzur og horft á bíómyndir. Áætlað er að halda námskeið í ferðamennsku upp úr áramótum.

Laugardaginn 8. apríl var vígður nýr bíll Dalbjargar og sveitin fékk margar góðar gjafir. Bangsarnir fengu einnig að njóta þess, en tvö fyrirtæki í sveitinni, ÁK-smíði og Trésmíðjan Rútsstöðum færðu Böngsunum GPS staðsetningartæki að gjöf. Þau munu nýtast deildinni í námskeiðum, á æfinum og einniq ef farnar verða qönguferðir.

Vilium við koma fram bökkum fyrir góðar gjafir.

Fyrir hönd Bangsanna,
Kristián H. Tryggvason umsjónamaður.

The advertisement features a large yellow excavator silhouette against a black background. The word "MALBIKUN" is written vertically along the top of the excavator's arm, and "KM" is written vertically along the side of the body. Below the silhouette, there is a list of services with black arrowheads. To the right of the list is a photograph of a red cab-over-engine truck with a yellow dump body. At the bottom left is a phone number, and at the bottom right is an email address.

Hálendisverkefni Landsbjargar

Á þessu ári kom upp hugmynd innan Slysavarnarfélagsins Landsbjargar að leggja niður starf umferðaröryggisfulltrúa og setja peninginn í hálendisaðstoð og gæslu. Þetta var í fyrsta skipti sem svona verkefni hefur verið sett af stað, og gekk það mjög vel. Almenn ánægja var með verkefninum og greinileg þörf á aðstoð uppi á hálendinu yfir sumartímann.

Verkefnið fór þannig fram að hálendinu var skipt upp í fjögur svæði: Kjöl, Fjallabak syðri og nyrðri, svæðið norðan Vatnajökuls og Sprengisand. Var björgunarsveitum svo boðið upp á að taka viku vakt hverri um sig og sinna þessari gæslu og aðstoðarstörfum. Undirritaðir fengu strax mikinn áhuga og voru fyrstir til að skrá sig og sveitina og varð Sprengisandur fyrir valinu um verslunar-mannahelgina og vikuna á eftir. Hér á eftir ætlum við að stikla á stóru hvað á daga okkar dreif þennan tíma.

Föstudaginn 4. ágúst lögðum við af stað upp Eyjafjörð inn í Laugarfell. Vorum að rifna úr spenningi á drekk-hlöðnum, nýja Patrol sveitarinnar. Í Laugarfelli hittum við fyrir félaga úr Skagfirðingasveit, leystum þá af vaktinni og tókum við búnaði verkefnisins sem voru gervihnattar-sími, tölvu og myndavél. Á laugardeginum komu Ragnar Jónsson og Ingvar Ingólfsson á Dalbjörg 1 og voru með okkur fram á þriðjudag. Seinnipartinn á laugardeginum keyrðum við fram á Range Rover rétt hjá austari Jökulsá. Þar voru á ferð 3 menn sem höfðu brotið viftuspaða og skemmt með honum vatnskassann. Við rifum kassann úr, þéttum eins og við gátum og settum á hann þéttiefni sem við vorum með. Við fréttum svo af þeim seinná í Varmahlíð, allt gekk vel hjá þeim og enginn leki. Á sunnu-deginum vorum við á ferð í Nýadal og hittum við þar ferðalanga á Suzuki jeppa með ónýta viftureim. Vildi svo til að Ragnar var með reim í verkfærakassanum sem passaði og skiptum við um reimina fyrir þá og héldum áfram. Á mánudeginum hittum við ferðalang með gatað dekk rétt hjá gatnamótunum ofan í Eyjafjörð. Var dekkið tappað og pumpað í. Næst var haldið inn á Gæsavatna-



Eiður og Kristján - klárir í slaginn...

leið og í Kistufell og gistum þar um nóttina. Þar kom er-lent par í skálann og fékk gistingu. Eitthvað höfðu upplýsingar skolast til hjá þeim því að þau höfðu mat til 3 eða 4 daga en áttu eftir göngu í 7 til 10 daga. Við gáfum þeim vel að borða og nesti í 3 til 4 daga. Á þriðjudeginum hringdi landvörðurinn í Nýadal og bað okkur um að koma og aðstoða því óvart hafði verið hellt díseloliú á bensín-lausan bíl. Við brunuðum þangað og þurftum að taka dekk og annað af bílum til að geta sogið blandið af og gekk hann smurt á eftir. Fóru nú Ragnar og Ingvar heim á leið og á svipuðum tíma fengum við sendar olíubirgðir í Laugarfell af þeim Akursbraeðrum Hlyni og Jóa. Á mið-vikudeginum var hringt frá Nýadal því rúta hafði fest sig í Hagakvíslinni. Við brunuðum auðvitað þangað og var þá komin þangað önnur rúta. Við hjálpuðumst að við að draga rútuna upp og gekk það skínandi vel. Seinna um daginn keyrðum við fram á útlending á bílaleigubíl rétt hjá Fjórðungsöldunni, með sprungið dekk og varadekkið líka. Gátum við lagað annað dekkið. Á fimmtudeginum vorum við beðnir um að ná í reiðhjólavagn inn í Köldukvíslarbotna á Bárðargötuleið og koma honum í Nýadal. Við gerðum það og þar beið okkur annar bílaleigubíll með sprungið dekk og varadekkið líka og við gátum gert við annað dekkið. Á föstudeginum skrifuðum við skýrslur og annað og biðum þess að vera leystir af.

Þess má einnig geta að við sinntum ýmiss konar öðrum störfum, svo sem hlaða grjóti fyrir slóða, bóna skilti og önnur smáleg tilfallandi verk. Við bentum fólk einnig á að akstur utan vega er bannaður og sáum að það vant-ar betri upplýsingar til erlendra ferðamanna um það. Eins er um ástand merkinga og skilta og útbúnað bílaleigubíla.

Eftir þessa viku erum við mikilli reynslu ríkari. Við þekkjum okkar svæði mjög vel og komum á marga staði sem maður keyrir bara venjulega framhjá, svo sem Bleiksþúð, Kvíar, Eyvindarkofa og margt fleira. Þetta verkefni var bæði skemmtilegt og nytsamlegt í alla staði og við vonum að þetta hafi verið einhverjum til gagns eða gamans.

Eiður Jónsson og Kristján H. Tryggvason.



Viðgerðarteymi við Nýadal.

Bestu óskir um gleðileg jólf
og farsælt nýtt ár

SPORTVER
Glerártorgi - Sími 461 1445



Shell

Oddeyrarskála - Sími 444 3161





Viðar í fullum herklæðum.



Bubbi og Hlynur leggja rafmagn í Patrolinn.



Pétur að hleypa úr.



Kristján við Kvíar.

Tækjamót

Helgina 11.-12. mars var Tækjamót Slysavarnarfélagsins Landsbjargar haldið á Þeistareykjasvæðinu. Eins og venjulega fjlömenntum við frá Dalbjörg og vorum 18 manns á fimm jeppum og tveimur sleðum. Alls komu um 150 manns á mótið alls staðar af landinu og var Dalbjörg ein fjalmmennasta sveitin.

Þessi ferð var gríðarlega skemmtileg og mjög vel skipulögð af sveitunum á svæðinu. Við vorum líka í hátíðarskápi þar sem nýji bíllinn okkar var þarna að fara í sína fyrstu ferð og reyndist hann mjög vel.

Eftir langan og góðan dag var haldið í Heiðarbæ þar sem góðar veitingar voru í boði Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Eftir það var keyrt til Húsavíkur og þaðan haldið heim.



Eiður á fjöllum.

Fjölskyldudagur

Í apríl var haldinn hinn árlegi fjölskyldudagur Dalbjargar. Mæting var á Leirunesti um morguninn og haldið var með snjóþotur, sleða og snjóbretti á Lágheiði við Ólafsfjörð. Mætingin var mjög góð, bæði frá meðlimum sveitarinnar og ungingadeildarinnar. Veðrið var gott, allavega framan af og fólk skemmti sér mjög vel í brekkunum. Snjóbíllinn var einnig með í för og sá hann ásamt vél-

sleðum um að ferja fólk upp í brekkurnar. Bílarnir voru auðvitað einnig reyndir í nokkrum brekkum. Niður við veginn unnu svo nokkrir dugnaðarforkar við að hlaða stóran snjóvegg sem veitti skjól þannig að hægt væri að grilla og tókst það frábærlega. Seinnipartinn var svo pakkað aftur í bílana og og allir héldu ánægðir heim eftir mjög góðan og skemmtilegan dag.

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



N O R D U R M J Ó L K
Súluvegi 1 - Sími 460 9600

*Sendum viðskipavinum okkar
óskir um heillarikt nýtt ár.*



Haustferð 2006

Föstudaginn 6. október lagði fríður hópur af stað í hina árlegu haustferð Dalbjargar. Farið var á fjórum bílum og voru alls 15 manns með í för. Lagt var af stað frá Lindinni um kl. 18:00 og var ferðinni heitið á Möðrudal á Fjöllum. Þar var fyrsta kvöldinu eytt í glæsilegri gistaðstöðu sem nýlega hefur verið reist.

Morguninn eftir vaknaði fólk snemma, tók til í skálum og síðan lá leið okkar í Arnardal. Þar voru margar uppsprettur og við lá að heilu árnar sprytta þarna upp undan jörðinni. Eftir það var farið að Hafrahvammagili og gengum við niður að gilsbrún en vakti það mikla hrifningu hópsins vegna stórbrotinnar náttúrufegurðar. Því næst var ákveðið að renna upp að Háslóni og landsvæðið sem senn endar undir vatni skoðað. Þá var rennt inn að Hveragili sem er undir Brúarjökli norðan til á Vatnajökli. Þar fór færð að þyngjast sökum fannfergis og áttu minni bílar í dálitlum erfíðleikum. Dálítill vonbrigði urðu í hópnum þegar þangað var komið sökum skyggnis en hópurinn hafði áætlað að labba inn



Dalbjargarmenn á ferðinni.

Hveragilið. Hætt var við það vegna veðurs og sökum þess hversu seint við komumst á staðinn því tekið var að dimma. Við snerum þá við og héldum í Sigurðarskála við Kverkfjöll. Þegar þangað var komið fóru sumir í það að kynda skálann á meðan aðrir fóru í að grilla ofan í mannskapinn en eins og venjulega var sameiginlegur kvöldverður. Eftir þessa ljúfu málitið var mannskapurinn alsæll og sungið var og skipst á sögum fram á rauða nótt.

Morguninn eftir var ferð okkar heitið í Dreka og ætlunin var að ganga inn Drekagil. Aftur öftruðu skilyrði á staðnum því og ákveðið var að halda áfram leið okkar niður í Þorvaldsshraun og áfram niður Dyngjufjalladal. Á leiðinni voru allir skálar skoðaðir, og komum við niður hjá Svartárkoti í Bárðardal. Lauk ferð okkar í Lindinni um kl. 19:00 á sunnudagskvöldi. Prátt fyrir slæmt veður mest alla ferðina fóru allir ánægðir heim eftir mjög skemmtilega ferð.

*Hafdís Huld Björnsdóttir
Haraldur Þór Óskarsson*



Bústólpi
*óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegrar jólahátiðar
með þökk fyrir viðskiptin á
liðandi ári.*





Opinn dagur

Patrol á Flateyjardal.

Þann 8. apríl síðastliðinn var haldinn opinn dagur í höfuðstöðvum okkar Bangsabúð. Það var gert í tilefni þess að Dalbjörg var að taka í notkun nýjan og glæsilegan björgunarþíbil. Bíllinn er af gerðinni Nissan Patrol og var honum breytt fyrir 44" dekk hjá KT jeppaverkstæði hér á Akureyri. Einnig tóku nokkrir vaskir Dalbjargarmenn mikinn þátt í breytingunni á bílnum. Dagurinn heppnaðist í alla staði mjög vel að mati okkar Dalbjargarfélaga. Enda heiðruðu hátt í 200 manns okkur með nærveru sinni þennan dag. Gestir gátu kynnt sér aðstöðuna og búnaðinn sem Hjálparsveitin Dalbjörg býr að og gæddu sér á ljúffengum veitingum sem komu frá Kristjánssbakaríi, Bakarínu við brúna og Kvenfélaginu Hjálpinni Eyjafjarðarsveit.

Dalbjörg fékk margar góðar gjafir á þessum góða degi og viljum við þá helst nefna peningagjafir frá **Fallorku Eyjafirði** og **Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa Eyjafirði** sem hljóðuðu upp á 200.000 kr frá hvorum um sig, sleðabrynu frá **Icehobby**, sleðajakka og buxur frá **Ísnet**, GPS staðsetningartæki frá **R. Sigmundssyni**, tvö GPS handtæki frá **ÁK-smíði** og eitt slíkt frá **Trésmiðjunni Rútsstöðum**. Okkur bárust margar fleiri góðar gjafir og viljum við þakka alveg kærlega fyrir okkur.

Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Fyrir hönd Dalbjargar,
Guðlaug Sigfíður Tryggvadóttir.

Óska viðskiptavinum okkar
gleðilegs árs
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að liða

G.HJÁLMARSSON





Nýji bíllinn tilbúinn

Ný glæsileg björgunarbifreið Dalbjargar.

Eins og sagt var frá í síðasta blaði festi björgunarsveitin kaup á nýjum Nissan Patrol í nóvember á síðasta ári. Var hann sendur í breytingu á verkstæðið til Halla Gulla í KT Jeppabreytingum. Bílnum var breytt fyrir 4x4 dekk og allur helsti og besti búnaður settur í hann svo sem skriðgír, læsingar, aukatankur, loftdæla, spil og fleira.

Á verkstæðinu hjá Hlyn á Akri unnu bílstjórar og aðrir félagsmenn hörðum höndum að því að leggja rafmagn og setja öll ljós og fjarskiptabúnað í bílinn. Nú eru öll helstu áhöld komin í bílinn svo sem drullutjakkur, álkarl, skófla, spotti, vöðlur og dekkjavíðgerðasett. Í bílnum er GPS staðsettningartæki með korti og fartölva með korti, NMT sími og VHF talstöð.

Ný skyndihjálpartaska með súrefnisbúnaði var keypt í bílinn og í henni er allur nauðsynlegur búnaður. Á toppn-

um er burðarskel, bakbretti, teppi, hálskragar, spelkur og KED vesti. Þess má geta að búnaðurinn sem er í bílum er sambærilegur og sá sem er notaður í sjúkrabílum.

Á þessu tæpa ári sem að bíllinn hefur verið í notkun hjá sveitinni hefur hann nýst okkur gríðarlega vel. Sem dæmi má nefna við leit á týndum manni á Grímsstöðum á fjöllum, við hálendisverkefni samtakanna og ýmis önnur verkefni. Bíllinn er mjög rúmgóður bæði fyrir farþega og farangur. Allur frágangur og breytingar á bílum eru til fyrirmynadar og fékk bíllinn önnur verðlaun í floknum verklegasti bílinn á bílasýningu bílaklubbs Akureyrar þann 17. júní síðastliðinn.


Umsjónarmaður bílsins er Hlynur Þórsson á Akri og er hann jafnframt fyrsti ökumaður bílsins, en auk hans eru Eiður Jónsson og Kristján Tryggvason ökumenn bílsins.



BCA Snjóflóðaleitarbúnaður

**Skóflur &
Ýlur**

Umboð á Íslandi
motul.is
Hvannavellir - Akureyri
www.motul.is // 461 5707



Námskeið

Snjóflóðanámskeið 24.-25. febrúar

Á þetta námskeið mættu 13 manns frá Dalbjörg auk félaga frá Súlum. Bóklegi þátturinn var haldinn í Súluhúsinu á föstudagi og svo var farið í Hlíðarfjall daginn eftir að æfa. Veðrið var mjög gott og allir skemmtu sér vel. Leiðbeinendur voru Gunnar og Sigurður Kári

Rötun 7. febrúar

Námskeiðið var haldið í Bangsabúð og var vel sótt af félagsmönnum. Ingvar Ingólfsson var leiðbeinandi og farið var yfir notkun korta og áttavita, auk GPS tækja.

Ferðamennska 1. apríl

Þetta námskeið tók eitt kvöld og var haldið í Bangsabúð. Leiðbeinandi var. Farið var yfir það helsta sem fólk þarf að vita um ferðir á fjöllum og hvaða búnað er bæði gott og nauðsynlegt að hafa með.

Flugeldanámskeið 14. október

2 félagar fóru á námskeið sem haldið var í Súluhúsi. Kennt var uppsetning flugeldasýninga.



Rötun 26. október

Námskeiðið var haldið í Bangsabúð og Ingvar var leiðbeinandi. Farið var yfir notkun á kortum og áttavitum og fleira því tengt. Þetta námskeið er gagnlegt fólk sem er nýskráð í sveitina sem grunnnámskeið, og einnig sem upprifjun fyrir reyndari meðlimi.

Wilderness first responder

Dagana 4.-12. nóvember var haldið WFR námskeið á Gufuskálum og sendum við einn af okkar mönnum á það, Harald Þór Óskarsson. Þetta er sérstakt námskeið til að mennta björgunarsveitarmenn betur í skyndihjálp og veita þeim viss réttindi. Haraldur stóðst námskeiðið með stakri prýði eins og við var að búast.

Önnur smærri námskeið og æfingar voru haldnar í Bangsabúð til að rifja upp notkun búnaðar ofl.

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár

NORDURORKA HF



Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár

Plastás ehf
Einangrunarplast



Óseyri 4 - Sími 462 7799

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt
nýtt ár

BÚTUR
PIPPULAGNINGARFÖNUSTA
AKUREYRI
Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 562-4122 - Fax 461-2930



Dalbjörg þakkar veittan stuðning



SPARISJÓÐUR
NORÐLENDINGA
Skipagötu 9 · 602 Akureyri · Sími: 460 2500
www.spnor.is

ÁSBYRGÍ-*flora*
SÍMI 462 3280

TRÉBORG ehf
Furuvöllum 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4000 · Fax: 462 7187



HÚSASMÍDJAN
Lónsbakka - Sími 460 3500

RÁDIO NAUST
Furuvöllum 5 · Sími 461 5000
ORMSSON

BÍLVIRKI hf.

VSA
VÉLSMIDJAN ÁSVERK

Landsbankinn

BLIKKRÁS EHF
Öseyri 16 603 Akureyri



Vélaborg ehf



SAMHERJI HF



PÓSTURINN
allur pakkinn

brimborg
akureyri

BYGGIR
BYGGINGAVERKTAKI

VERSUNIN
Brynja
Aðalstræti 3
Akureyri

SANDBLÁSTUR
MÁLMHÚÐUN
AKUREYRI
460 1500

Deloitte.

Ellingsen
- fullt hús meintyr



Eldvarnamiðstöð
Norðurlands ehf.



FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Opnunartími:

28. des. Kl. 10-22 / 29. des. Kl. 10-22
30. des. Kl. 10-22 / 31. des. Kl. 9-16

6. jan. þrettándinn Kl. 12-16

Flugeldasími: **844 1380**

Það er alltaf heitt á könnunni
og næg bílastæði!



Dalbjörg
Eyjafjarðarsveit